

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

27. júní 2017
UST201705-213/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Söxu við Stöðvarfjörð

Lýsing framkvæmdar

Markmið deiliskipulagsins er að gera áningarstað við Söxu. Saxa er einn af mörgum áföngum í merkingu ferðamannastaða í Fjarðabyggð. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarland. Gert er ráð fyrir 4 megin bílastæðum og rútustæði eða varabílastæði. Stígar eru misbreiðir og útfærðir þannig að þeir mynda hringleið um svæðið frá bílastæðum. Innan svæðisins eru áætlaðir fjórir áningarstaðir þar sem heimilt er að smíða útsýnispall allt að 34 m².

Áhrif

Nokkur landfylling þarf við bílastæðið en í kynningu á deiliskipulaginu kemur fram að það verði unnið þannig að rask verði sem minnst.

Umsögn

Umhverfisstofnun fagnar því að verið sé að auka aðgengi og öryggi um svæðið.


Umhverfisstofnun bendir á að í lögum um náttúruvernd, XII. kafli er kveðið á um í 68. gr. að við hönnun vega, virkjana og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að öllu raski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar og að frágangur verði góður við lok verksins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri